

Til allra sveitarstjórna

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 1. apríl 2022 kl. 15:00 á Hótel Hilton, Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2021 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykta sjóðsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
10. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2021 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) og á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30.

Virðingarfyllt

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri